



Desember 2023

HVATARBLAÐIÐ



GRÍMSNES- OG
GRAFNINGSHREPPUR ÓSKAR
ÍBÚUM SÍNUM OG GESTUM

*Gledilegra jóla og
farsældar á nýju ári*



Jólapistill

Kæru sveitungar og aðrir,

Jólin eru að koma, með allri sinni dýrð og gleði og er líklegt að undirbúningur hátíðarinnar sé hafinn að einhverju leyti á flestum heimilum. Að mörgu er að huga á aðventunni og margar jólahéðir í gangi. Þrátt fyrir að mikið sé um að vera við að uppfylla óskir og drauma allra heimilismeðlima um gleðileg jól þá er vert að muna að njóta samverustundanna með sínum nánustu og búa til minningar. Aðventan og jólahátíðin sjálf hefur mismunandi áhrif á fólk og við þurfum að sýna náunganum tillitssemi og muna að aðstæður hjá fólki eru mismunandi. Verum því ávallt góð við hvert annað og ekki gleyma að vera líka góð við okkur sjálf.

Líkt og síðustu ár þegar ég sest við að rita jólapistilinn þá lítur maður yfir liðna stund og fyllist þakklætis yfir því sem lífið hefur fært manni, hvort sem það er reynsla eða gleði. Það er nefnilega þannig að lífið er núna og því er um að gera að lífa því eins og maður vill. Ein af mínum möntrum í lífinu er; „brostu framan í heiminn og þá mun heimurinn brosa við þér“, eitthvað sem vert er að hafa alltaf í huga.

Sveitarfélagið okkar er ríkt af góðum mannauð og fjölbreyttum tækifærum og því margt búið að vera í gangi og margt framundan. Unnið hefur verið hörðum höndum að ýmsum verkefnum, meðal annars því að fegra umhverfið og

má þar nefna fallega torgið við Stjórnsýsluhúsið sem nú hefur litið dagsins ljós og stutt í að það verði alveg klárt, leikvöllinn við Hraunbraut og sleðabrekkuna. Sleðabrekkan er verkefni íbúa sveitarfélagsins en gaman var að sjá samstöðu íbúanna við að leggja þökurnar og þar með leggja línurnar að framtíðar leiksvæði fyrir íbúa sveitarfélagsins. Verið er að leggja götur á athafnasvæðinu og verður farið í að úthluta lóðum þar á fyrri hluta næsta árs, fljótlega verður hafist handa við gatnagerð við göturnar Miðtún, Borgartún og Skógartún og verður þeim lóðum einnig úthlutað á næsta ári. Vonandi munum við sjá eitthvað gerast í viðbyggingu íþróttamiðstöðvarinnar á næsta ári en mörg ljón hafa verið á veginum við það verkefni en nú horfir til betri tíðar og við erum bjartsýn á að hægt verði að hefja verkið á fyrri hluta næsta árs.

Grímsnes- og Grafningshreppur hlaut síðan í haust annað sinn í röð titilinn "Sveitarfélag ársins". Viðurkenningin er veitt fyrir bestu heildarniðurstöðu þátta sem stuðla að blómlegu og heilbrigðu starfsumhverfi starfsfólks sveitarfélaga. Það er ekki sjálfgefið að fá þennan titil og erum við stolt og ánægð af því að bera titilinn annað árið í röð og þakklát starfsfólki okkar fyrir þeirra framlag í að viðhalda góðu samfélagi í sveitarfélaginu.

Að lokum vil ég þakka öllu samstarfsfólki mínu hjá sveitarfélaginu fyrir gott samstarf á árinu og óska öllum sveitungum mínum og öðrum velunnurum Grímsnes- og Grafningshrepps gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.

Ása Valdís Árnadóttir, oddviti



JÓLABALL

Árlegt jólabball foreldrafélags
Kerhólsskóla verður haldið
miðvikudaginn 20. desember
í Félagsheimilinu Borg
kl. 9:00

ÖLL VELKOMIN

Til sölu kjötfars ca. 600 gr. á 500 kr.

Bjúgu á 1.000 kr

netfang storihs55@gmail.com

Sími 8972686



Jólatrjáasala á Snæfoksstöðum

Opið kl. 11:00 -16:00 allar helgar fram að jólum.
Furur og Blágreni í öllum stærðum.
Tröpputré og eldiviður.
Handverk til sölu og sýnis.



Kakó og lummur með sultu og rjóma.

Tilvalið að gera sér ferð í skóginn, ganga um,
njóta náttúrunnar og kyrrðarinnar.



Bókasafn Grímsnes- og Grafningshrepps



Opnunartímar:

Mánudaga 12:30 - 13:30 og 15:00 til 16:30

Þriðjudaga 15:00 til 16:30

Fimmtudaga 12:30 - 13:30 og 15:00 til 16:30

Kvöldopnun:

Fimmtudaginn 7. desember frá 19:30 til 21:30

Bókakynning/upplestur

Þriðjudaginn 12. desember frá 19:30 til 21:30

Handverkskvöld

**Lokað verður á bókasafni frá 20. desember
2023 til 3. janúar 2024**

Fjöldreifingu hætt 1. janúar 2024

Þann 1. janúar 2024 hættir Pósturinn alfarið að dreifa fjölpósti. Fjöldreifingu var hætt á suðvesturhorni landsins árið 2020 en fjölpósti var hins vegar áfram dreift á landsbyggðinni, einkum þar sem ekki var kostur á öðrum dreifingaraðila. Nú hefur hins vegar verið ákveðið að hætta þeirri dreifingu einnig.

Fjölpósti hefur verið dreift með almennum bréfum í gegnum tíðina. Hins vegar hefur bréfaþóstur dregist saman um 80% frá árinu 2010 svo samlegðaráhrifin eru ekki lengur til staðar. Ákvörðunin er einnig í takt við umhverfisstefnu Póstsins en við leitum stöðugt leiða til að draga úr soun og losun koltvísýrings.



Í ljósi þessa verður Hvatarblaðinu ekki dreift á heimilin eftir 1. janúar, það mun að sjálfsögðu vera á netinu og prentuð eintök liggja frammi á skrifstofunni, í mótuneytinu, sjoppunni og sundlauginni.

Ef íbúar hafa ekki möguleika á að skoða það á netinu eða nálgast það á framangreinda staði þá vinsamlegast hafið samband við skrifstofuna.

Kæru sveitungar,

nú er komið að útgáfu þjónustu- og viðburðadagatala Grímsnes- og Grafningshrepps. Ef þú hefur áhuga á að auglýsa í dagatalinu eða tilkynna um viðburð sem á að halda árið 2024 vinsamlegast sendu póst á anna@gogg.is eða hringdu í síma 867-9789 fyrir 7. desember nk.



 **SÓLHEIMAR**
SÓLFABRIK SAMFÉLAG

GRÆNA KANNAN - KAFFIHÚS

SÓLHEIMUM

OPNUNARTÍMI GRÆNU
KÖNNUNNAR OG VÖLU Í
DESEMBER 2023
VIRKIR DAGAR OPIÐ
11:00 TIL 16:00
HELGAR 11:00 TIL 17:00

STYTTTRI OPNUNARTÍMI 23.DES
13:00 TIL 16:00
LOKAÐ 24, 25, 26, 31. DESEMBER
OG 1.JANÚAR
MÖTUNEYTI OPIÐ ALLA VIRKA
DAGA FRÁ 11:30 TIL 13:00
LOKAÐ 24, 25 OG 26.DESEMBER OG
1.JANÚAR

Gledileg Jól




JP Verk ehf.
Jarðvinnuverktaki
JTVERKEHF@GMAIL.COM
Jóhannes 848-1123 &
Guðmundur 868-4115



Tökum að okkur STÓR og smá verk:

jarðvinnu -
tætingu -
snjómokstur -
bílaflutninga,
jarðheflun &
fólksflutninga.




*Gledileg
jól!*

Við í kertagerðinni á Sólheimum óskum eftir
tómum ORA dósum!

Við tökum á móti hreinum dósum í versluninni
Völu, hún er opin eins og Græna kannan 11:00 til
16:00 alla virka daga og 11:00 til 17:00 um
helgar.

Starfsfólk Sólheima.





VIÐBURÐA DAGATAL



Jóla-Drag-Dögurður

10. desember





MIÐAR Á TIX.IS

♥ **JÓLAMARKAÐUR** ♥
LAUGARDAGINN 16. DES.

♥
JÓLASKRAUT
JÓLAGOTT
JÓLAGJAFIR
SKART
SÖNGUR
JÓLAGLÖGG & GLEÐI





GRÍMSNESI



Jólahlaðbord

1. á Brú
2. & 8. 9.





PANTANIR
Á
DINEOUT

2 fyrir 1

KVÖLDVERÐAR HLAÐBORD

Sun-fim

til jóla



Skötuveisla!

Kæru sveitungar !



Lionsklúbburinn Skjaldbreiður

verður með skötuveislu á

Þorláksmessudag í

Félagsheimilinu Borg kl. 11:30 – 14:00

Skata og saltfiskur ásamt tilheyrandi meðlæti.
Kr. 4.500,- á mann
kr. 1.500,- fyrir börn

Vekið bragðlaukana fyrir jólin
og mætið í skötuna.

Gleðileg jól

LAUGARDAGUR

23

11:30 - 14:00

FÉLAGSHEIMILINU BORG



Hjálparsveitin Tintron þakkar öllum fyrir góðar móttökur vegna sölu á neyðarkallinum.



Áramótabrenna og flugeldasýning verður við golfvöllinn á Borg 31. des.

Kveikt verður í brennu kl. 20:30



Flugeldasala Hjálparsveitarinnar Tintron verður eins og vanalega á Austurvegi 23 Selfossi.

Styrkjum Björgunarsveitirnar.

Þökkum stuðninginn



GLEÐILEG JÓL!

Styrktarreikningur sveitarinnar er 0586-26-456 kt. 490487-1319



Örgagnaver, sumarfólk og afmæli

Samstarf um örgagnaver í Soginu

Í mars 2023 undirrituðum við hjá Landsvirkjun samstarfssamning við japanska gagnaversfyrirtækið Internet Initiative Japan (IIJ) um uppsetningu á svokölluðu örgagnaveri (e. Micro Data Centre) í húsnæði okkar við Írafossstöð. IIJ er framsækið 30 ára gamalt fyrirtæki með rúmlega fjögur þúsund starfsmenn.

Tilgangur samstarfsins er að prófa örgagnaverstæknina með endurnýjanlegri orku í ákjósanlegum aðstæðum. Við hjá Landsvirkjun viljum styðja við aukna stafræna vegferð og þetta verkefni fellur vel að því.

Gagnaverið er á stærð við stóran ísskáp og í því er keyrður hugbúnaður sem tengist stærra neti í gegnum ljósleiðara, sem og í gegnum Starlink-gervihnatta-kerfið. Uppsetning þess var í höndum tæknimanna IIJ, í samstarfi við starfsfólk okkar í Soginu. Samstarfið gekk afar vel og hafa Japanarnir itrekað lýst yfir þakklæti og hrósað starfsfólki í Soginu fyrir fagleg og drífandi vinnubrögð.



Öflugt sumarstarfsfólk

Sumarstörfn hjá okkur eru fjölbreytt. Við hverja aflstöð sinna ungmenni hefðbundnum störfum vinnuskóla og einnig fá iðn- og háskólanemar hagnýta reynslu af ýmsum störfum, t.a.m. hjá sviði framkvæmda, sölu og þjónustu, vatnsafls og á samskiptadeild, svo fátt eitt sé nefnt. Í ár sóttu 606 háskólanemar og ungmenni um 161 sumarstarf viðsvegar um landið.



Námið sem sumarfólkið okkar leggur stund á er af ýmsum toga. Þar má nefna vélfræði, vélvirkjun, rafvirkjun, verkfræði, landafræði, jarðfræði, jarðeðlisfræði, lögfræði, sálfræði og hagfræði svo eitthvað sé nefnt. Helmingur sumarnema hjá okkur í ár var konur og helmingur karlar. Við höfum verið afskaplega lánsöm með ungmennin og nemana hjá okkur á Sogssvæði. Í sumar störfuðu 30 ungmenni hjá okkur og með þeim þrír verkstjórar. Nemarnir voru þrír: einn vélvirkjanemi, einn verkfræðinemi og einn nemi í rafmagnstækni. Stóðu þau sig öll með þrýði.

Írafossstöð 70 ára

Í október voru 70 ár frá því að Írafossstöð var gangsett, en klukkan 15:35 þann 16. október 1953 hleypti Ásgeir Ásgeirsson forseti Íslands 31 megavatti inn á veitukerfið við hátíðlega athöfn. Fjöldi gesta var viðstaddur þennan merkisatburð, en með honum var raforkuframleiðsla með vatnsafl í Íslandi tvöfölduð. Í grein Alþýðublaðsins þennan dag var því spáð að Írafoss yrði fljótlega smávirkskjú í samanburði við þær aflstöðvar sem byggðar yrðu í Þjórsánni. Sú spá rættist árið 1969 þegar Búrfellsstöð var gangsett.

Með byggingu Írafossstöðvar, sem var fyrsta neðanjarðarstöð landsins, var hægt að hætta rafmagnstakmörkunum notenda og byggja upp stóriðju, en áburðarverksmiðjan var einn af framtíðarnotendum raforkunnar. Írafossstöð framleiðir enn sitt rafmagn, en þó ívið meira en við gangsetningu, þar sem þriðju vélinni var bætt við árið 1963. Núna skilar stöðin að jafnaði um 47,8 megavöttum, eða um 236 gigavattstundum á ári. Miðað við að hvert heimili noti um 5000 kilóvattstundir þá er það nóg til að sjá um 47.000 heimilum fyrir orku á ári eða hlaða yfir þrjár milljónir rafbíla. Að sjálfsögðu var haldið upp á daginn á starfssvæðinu með ljúffengri köku.

Gleðileg jól

Við sem störfum hjá Landsvirkjun óskum ykkur gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári. Við þökkum fyrir góð samskipti á árinu sem er að líða og hlökkum til að vera áfram góður granni á því sem senn gengur í garð.



Af félagsstarfi Kvenfélags Grímsneshrepps



Í lok október héldu félagskonur hið hryllilega grímuball og nutu stuðnings unglinganna í Kerhólsskóla sem í staðinn hlutu styrk í ferðasjóðinn sinn. Unglingarnir lögðu sig fram um að gera viðburðinn „hræðilega“ skemmtilegan og tókst vel til.

Glansmyndir styrktu okkur um myndakassa og varpa myndirnar sem teknar voru góðu ljósi á stemminguna sem réði ríkjum.

Í lok nóvember fór fram hið árlega jólabingó þar sem safnað var fyrir *Sjóðinn góða*. Í ár söfnuðust um 300 þús.kr. og við það bætist upphæð sem úthlutað var til sjóðsins á haustfundi félagsins, 200 þús.kr. Kvenfélag Grímsneshrepps mun því styrkja *Sjóðinn góða* um 500 þús.kr. fyrir þessi jól.

Sérstakar þakkir fá þau fjölmörgu fyrirtæki sem styrktu okkur á bingóinu, en þau eru: Nettó, Íslensk Ameríska, Skrifstofuvörur, Húsasmiðjan, Stærri-Bær, Jarðhitasýning ON, Ísbúð Huppu, Pylsuvagninn, Súperbygg, Skopp garðurinn, Öryggis og gæðaþjónusta Gurrýjar, Míni garðurinn, Iðnmark, Sassý, Skemmtigarðurinn, Marriott Courtyard, Subway, Elsa Jónsdóttir, Florealis, Sundlaugin Borg, Hespúhúsið, Menam og Hótle Geysir.

Þessa dagana stendur yfir 16 daga alþjóðlegt átak gegn kynbundnu ofbeldi og tekur Kvenfélagasamband Íslands ásamt fjölmörgum öðrum félagasamtökum þátt í því. Átakið má rekja aftur til ársins 1991. Dagsetning átakans var valin til að tengja á táknrænan hátt kynbundið ofbeldi og mannréttindi.

Þann 25. nóvember er alþjóðlegur baráttudagur gegn ofbeldi gegn konum og 10. desember er hinn alþjóðlegi mannréttindadagur.

Markmið áþaksins er að knýja á um afnám alls kynbundins ofbeldis. Sigurhæðir á Selfossi er þjónustumiðstöð fyrir þolendur kynbundins ofbeldis og hefur félagið tekið ákvörðun um að styrkja starfsemi Sigurhæða um 300 þús.kr.



Við félagskonur í Kvenfélagi Grímsneshrepps þökkum öllum sem hafa glaðst með okkur eða stutt við starfið okkar á árinu sem senn keveður.

Bestu jóla- og nýjárskveðjur til ykkar allra.



Við bjóðum ykkur velkomin á Úlfjótssvatn sunnudaginn 17. desember til að fagna aðdraganda jóla, eiga góða og huggulega stund með fjölskyldu, vinum eða skátum, öll eru velkomin. Jólaskógurinn á Úlfjótssvatni geymir lítil ævintýri fyrir unga sem aldna, þar sem við fáum að njóta tónlistar, fá okkur heitt súkkulaði, sykurpúða og setjumst í kring um varðeldinn að skátasið.

Komið og njótið hátíðleika jólaljósanna í undralandinu okkar!



Aðgangur ókeypis



**Bókakynning og
upplestur
7. desember í
bókasafninu á Borg**

Þann 7. desember
kl. 20:00

mun Bjarni Þorkelsson
lesa upp úr bók sinni
**„Æviskeið – starfssaga
Þorkels Bjarnasonar“**





Sveitarstjórn 557. fundur 01. nóvember 2023
kl. 09:00–10:52 Stjórnsýsluhúsinu Borg

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði
lða Marsibil Jónsdóttir

Sveitarstjórn

- Ása Valdís Árnadóttir oddviti
- Björn Kristinn Pálmarsson
- Dagný Davíðsdóttir
- Ragnheiður Eggertsdóttir
- Smári Bergmann Kolbeinsson
- lða Marsibil Jónsdóttir sveitarstjóri

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði
lða Marsibil Jónsdóttir sveitarstjóri

Fundargerðir.

a) Fundargerð 268. fundar skipulagsnefndar UTU, 25. október 2023.

Mál nr. 8, 9, 10, 11, 12, 13, 14, 15 og 19 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Lögð fram fundargerð 267. fundar skipulagsnefndar UTU sem haldinn var 25. október 2023.

Mál nr. 8; Aðalskipulag Grímsnes- og Grafningsshrepps 2020-2032; Íbúðarsvæði IB2 og Miðsvæði M1; Borg í Grímsnesi; Breyttir skilmálar; Aðalskipulagsbreyting - 2303045.

Lögð er fram tillaga aðalskipulagsbreytingar er varðar breytingu á landnotkunarsvæðum innan þéttbýlisuppráttar fyrir Borg í Grímsnesi.

Í breytingunni felst endurskoðun afmörkunar og skilmála fyrir IB2.

Endurskoðun afmörkunar og skilmála M1 og breytt afmörkun aðliggjandi svæða til samræmis við breyttar áherslur innan skipulagssvæðisins sem ofangreindir landnotkunarflákar taka til.

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningsshrepps samþykkir samhljóða tillögu aðalskipulagsbreytingar til kynningar í samræmi við 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Mál nr. 9; Borgarhólsbraut 7 L169737 og Borgarhólsbraut 9 L169714; Staðfesting á afmörkun og breytt stærð lóða - 2310025.

Lögð er fram umsókn um staðfestingu á afmörkun og breytta stærð lóðanna

Borgarhólsbraut 7 L169737 og Borgarhólsbraut 9 L169714 skv. hnitsetningu sem ekki hefur legið fyrir áður. Borgarhólsbraut 7 er skráð 5.500 fm en mælist 5.627,5 fm og Borgarhólsbraut 9 er skráð 5.500 fm en mælist 5.627,5 fm skv. meðfylgjandi lóðablöðum. Ekki liggur fyrir samþykkt deiliskipulag fyrir lóðirnar. Kvöð er á Borgarhólsbraut 7 um að eigendur Borgarhólsbrautar 9 hafi afnot af núverandi hellulögðum göngustíg sem liggur að húsi sem er innan lóðar 9. Ennfremur hafa eigendur lóða 7 og 9 fulla heimild til að nýta sér þau bílastæði sem eru niður við Borgarhólsbraut.

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningsshrepps gerir ekki athugasemd við afmörkun lóðanna skv. fyrirbyggjandi umsókn.

Mál nr. 10; Neðan-Sogsvegur 14 (L169341); umsókn um byggingarheimild; sumarbústaður, breytt notkun í gestahús - 2212091.

Fyrir liggur umsókn Páls Gunnlaugssonar, fyrir hönd Kristjáns Arnarssonar og Sifjar Arnarsdóttur, um byggingarheimild fyrir breyttri notkun í gestahús á þegar byggðum 55,6 m² sumarbústaði mhl 01, byggður árið 1960, sem er staðsettur á sumarbústaðalandinu Neðan-Sogsvegur 14 L169341 í Grímsnes- og Grafningsshreppi.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að fresta málinu og felur oddvita að vinna málið áfram.

Mál nr. 11; Nesjavellir; Skipulags- og matslýsing; Deiliskipulagsbreyting - 2310056.

Lögð er fram skipulags- og matslýsing er varðar breytingu á deiliskipulagi Nesjavalla. Markmið endurskoðunar deiliskipulagsins er að skilgreina svæði fyrir nýjar uppbótarvinnsluholur og niðurdælingarholur.

Endurskoðunin felur í sér breytta afmörkun iðnaðarsvæðis og hverfisverndar til samræmis við breytt aðalskipulag og verður afmörkun skipulagssvæðisins endurskoðuð með tilliti til þessara breytinga. Einnig verða færðar inn í deiliskipulagið þau mannvirki og lagnir sem byggð hafa verið á síðustu 10 árum ásamt þeim breytingum sem gerðar hafa verið á tímabilinu.

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningsshrepps samþykkir samhljóða framlagða skipulags- og matslýsingu til kynningar og umsagna í samræmi við 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Mál nr. 12; Öndverðarnes 2 lóð L170121; Selvíkurvegur 12 og 13; Skilmálar og skipting lóðar; Deiliskipulag - 2310041.

Lögð er fram tillaga nýs deiliskipulags sem tekur til Öndverðarnes 2 lóðar L170121. Lóðin er staðsett á fristundasvæðinu F30 í Öndverðarnesi. Í deiliskipulaginu felst m.a. skilgreining byggingarheimilda fyrir fristundahús, aukahús og geymslu. Einnig er gert ráð fyrir að heimilt verði að skipta lóðinni upp í tvær lóðir, Selvíkurveg 12 og 13.

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningsshrepps samþykkir deiliskipulagið samhljóða og að það verði auglýst á grundvelli 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem allar meginforsendur liggja fyrir innan aðalskipulags

sveitarfélagsins. Sveitarstjórn leggur áherslu á að málið verði sérstaklega kynnt lóðarhöfum aðliggjandi lóða við deiliskipulagssvæðið.

Mál nr. 13; Grænahlíð 1A L233884; Gesta- og þjónustuhús; Fyrirspurn - 2310064.

Lögð er fram fyrirspurn frá Suðurhæðum ehf. um leyfi til að byggja gesta- og þjónustuhús fyrir ferðamenn á landinu Grænahlíð 1A. Lóðin liggur utan skilgreindra deiliskipulagsmarka Grænuhlíðar. Landnotkun á svæðinu skv. aðalskipulagi er skilgreint landbúnaðarsvæði (L3) og leyfilegt nýtingarhlutfall því 0,05. Húsunum er skipt upp í minni einingar og liggja með landinu þannig þau falli sem best að landslaginu. Að mati sveitarstjórnar er uppbygging ferðarþjónustu á viðkomandi lóð háð því að unnin verði breyting á aðalskipulagi sveitarfélagsins þar sem skilgreint verði verslunar- og þjónustusvæði og að unnið verði deiliskipulag sem gerir með ítarlegri hætti grein fyrir uppbyggingu innan lóðarinnar. Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps gerir ekki athugasemd við að unnin verði sameiginleg skipulags- og matslýsing sem tekur til breytinga á aðalskipulagi og nýs deiliskipulags. Lýsing væri kynnt sérstaklega innan skipulagssvæðis við Grænuhlíð þar sem sameiginlegir hagsmunir eru á svæðinu m.a. gagnvart vegtengingu.

Mál nr. 14; Stóra-Borg lóð 16 L218060; Íbúðarsvæði með rúmum byggingarheimildum; Deiliskipulag - 2302027.

Lögð er fram tillaga nýs deiliskipulags fyrir landbúnaðarsvæði í landi Stóru-Borgar lóðar 16 L218060. Svæðið, sem er 54,9 ha að stærð, er staðsett norðvestan við Borg í Grímsnesi og kemur til með að heita Borgarheiði. Með deiliskipulaginu eru skilgreindar 32 lóðir sem eru á bilinu 0,9-1,5 ha. Aðkoma er frá Biskupstungnabraut (35) og í gegnum þéttbýlið á Borg. Gönguleiðakerfi tengir svæðið við nærliggjandi græn svæði og við þéttbýlið Borg. Heimilt er að vera með léttu atvinnustarfsemi innan lóða, s.s. skógrækt, húsdýrahald og minniháttar verslun. Sveitarstjórn samþykkir deiliskipulagið samhliða með fyrirvara um uppfærð gögn, greinargerðin tiltekur 29 lóðir í skilmálatöflu en uppdrátturinn sýnir 32 lóðir. Eftir að uppfærð gögn hafa borist, þá verði það auglýst á grundvelli 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem allar meginforsendur liggja fyrir innan aðalskipulags sveitarfélagsins. Björn Kristinn Pálmarsson vék af fundi við afgreiðslu málsins.

Mál nr. 15; Borg í Grímsnesi; Borgarteigur; Íbúðarbyggð og hesthúsahverfi; Deiliskipulag - 2210030.

Lögð er fram tillaga að nýju deiliskipulagi sem tekur til Borgarteigar, landbúnaðarsvæðis við Minni-Borg golfvöll, Móafliót 1 og Móafliót 2-11. Svæðið er staðsett sunnan Biskupstungnabrautar og austan Sólheimavegar. Með nýju deiliskipulagi er afmarkað svæði fyrir 12 íbúðalóðir og hesthúsahverfi. Íbúðalóðir eru með rúmum byggingarheimildum og er heimilt að stunda þar léttan iðnað, skógrækt og húsdýrahald. Áhersla er lögð á góðar göngutengingar innan svæðisins

og að helstu þjónustum sem þéttbýlið á Borg hefur upp á að bjóða. Gott aðgengi gangandi og hjólandi vegfarenda verður tryggt með hjóla- og göngustíg samhliða Sólheimavegi, milli Borgar og Sólheima. Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkir deiliskipulagið samhliða og að það verði auglýst á grundvelli 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem allar meginforsendur liggja fyrir innan aðalskipulags sveitarfélagsins.

Mál nr. 19; Afgreiðslur byggingarfulltrúa - 23-193 – 2310003F

Lögð er fram til kynningar fundargerð byggingarfulltrúa nr. 23-193.

b) Fundargerð stjórnar Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings, 24. ágúst 2023.

Lögð fram til kynningar fundargerð stjórnar Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings sem haldinn var 24. ágúst 2023.

c) Fundargerð stjórnar Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings, 17. október 2023.

Lögð fram til kynningar fundargerð stjórnar Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings sem haldinn var 17. október 2023.

d) Fundargerð 935. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, 16. október 2023.

Lögð fram til kynningar fundargerð 935. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga sem haldinn var 16. október 2023.

2. Fjárhagsáætlun Grímsnes- og Grafningshrepps vegna ársins 2024, fyrri umræða.

Sveitarstjóri fór yfir stöðu fjárhagsáætlunar vegna ársins 2024 og skipulag vinnu framundan.

Sveitarstjórn samþykkir að halda vinnufundi vegna fjárhagsáætlunar miðvikudaginn 15. nóvember og mánudaginn 27. nóvember.

Sveitarstjórn vísar áætluninni til annarrar umræðu.

3. Staða landbúnaðar.

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps lýsir áhyggjum yfir stöðu bænda og íslensks landbúnaðar. Gríðarlegar kostnaðarhækkanir á aðföngum og íþyngjandi vaxtakostnaður hefur gert það að verkum að afkomubrestur er í flestum greinum landbúnaðar.

Mikil sóknarfæri eru í íslenskri matvælaframleiðslu hvort sem litið er til garðyrkju, kornræktar eða hefðbundins búskapar enda skiptir innlend matvælaframleiðsla miklu máli þegar kemur að fæðuöryggi þjóðarinnar ásamt því að vera ein af grunnstöðum búsetu í dreifðum byggðum. Sveitarstjórn hvetur stjórnvöld til að bregðast strax við þeirri alvarlegu stöðu sem uppi er í íslenskum landbúnaði. Að óbreyttu er framtíð íslensk landbúnaðar og matvælaframleiðslu í landinu í hættu eins og bent hefur verið á um nokkurt skeið. Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps skorar á stjórnvöld að tryggja stuðning við landbúnað til lengri tíma og með

því tryggja möguleika á nýliðun í greininni sem og matvælaöryggi þjóðarinnar.

4. Minnisblað frá umsjónarmanni umhverfismála um villtar kanínur í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Lagt var fram minnisblað frá umsjónarmanni umhverfismála um villtar kanínur í Grímsnes- og Grafningshreppi. Undanfarin 2-3 ár hefur borist talsvert af kvörtunum/ábendingum í gegnum síma og tölvupóst vegna fjölgunar á kanínum í sveitarfélaginu. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að fela umsjónarmanni umhverfismála að vinna málið áfram.

5. Skýrsla starfshóps um fyrirkomulag eftirlits með hollustuháttum og mengunarvörnum og matvælaeftirliti.

Fyrir liggur skýrsla starfshóps um fyrirkomulag eftirlits með hollustuháttum og mengunarvörnum og matvælaeftirliti. Sveitarstjórn frestar afgreiðslu málsins.

6. Erindi frá Aflinu samtökum fyrir þolendur ofbeldis.

Fyrir liggur bréf frá Aflinu, samtökum fyrir þolendur ofbeldis, þar sem óskað er eftir styrk að upphæð 100.000,- kr. vegna reksturs samtakanna. Sveitarstjórn hafnar erindinu samhljóða.

7. Reglugerð um íbúakosningar sveitarfélaga nr. 922/2023.

Lagður fram til kynningar tölvupóstur frá Jóhönnu Sigurjónsdóttur f.h. Innviðaráðuneytis, þar sem vakin er athygli sveitarstjórnar á því að ný reglugerð um íbúakosningar sveitarfélaga nr. 922/2023 hefur verið staðfest og birt í Stjórnartíðindum.

8. Beiðni Allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis um umsögn á frumvarpi til laga um breytingu á lögum um grunnskóla, nr. 91/2008 (kristinfræðikennsla), 47. mál.

Lagt fram til kynningar.

9. Innviðaráðuneytið kynnir til samráðs mál nr. 167/2023, „Drög að hvítbók um skipulagsmál og umhverfismatsskýrsla“.

Lögð fram til kynningar umsögn sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps um drög að hvítbók um skipulagsmál og umhverfismatsskýrslu.

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps þakkar fyrir það tækifæri að fá að senda inn umsögn varðandi drög að húsnæðisstefnu til fimmtán ára og aðgerðaáætlun til fimm ára (hvítbók um húsnæðismál).

Grímsnes- og Grafningshreppur leggur áherslu á að mikilvægt sé að hægt sé að byggja íbúðarhús á jörðum eða skipulögðum svæðum í dreifbýli þar sem aðstæður leyfa í tengslum við þá innviði sem til staðar eru.

Grímsnes- og Grafningshreppur tekur undir markmið hvítbókanna um bætt aðgengi að miðhálandinu, sem er í samræmi við stefnu í tillögu að svæðisskipulagi Suðurráhlendis um að bæta stofnvegi.

Grímsnes- og Grafningshreppur ítrekar áherslu sína sem kom fram í umsögn sinni um grænabók skipulagsmála um að tryggja þurfi aðkomu sveitarfélaga að vinnunni þegar skilgreina á þjóðhagslega mikilvæga innviði og eins við mótn á farvegi um stefnumörkun sem varðar sameiginlegar skipulagsákvæðanir um þjóðhagslega mikilvæga innviði. Skipulagsvaldið er hjá sveitarfélögunum og sveitarstjórnunum sem vinna og lifa á því svæði sem þau hafa skipulagsvaldið yfir og því má áætla að viðkomandi aðilar séu líklega best til þess fallin að stýra skipulagsmálum á sínum svæðum og koma að allri vinnu tengdum skipulagsmálum. Grímsnes- og Grafningshreppur tekur undir umsögn Bláskógabyggðar í tengslum við kafla 7.3. um markmið um samkeppnishæft atvinnulíf, áherslu g.

„Skipulag og uppbygging ferðaþjónustu gæti að varðveislu þeirra gæða sem hún byggist á. Bent er á ósamræmi milli flokkunar og staðsetningar þjónustustaða á Suðurráhlendi milli hvítbókar og tillögu að svæðisskipulagi Suðurráhlendis sem Skipulagsstofnun hefur fengið til athugunar og svæðisskipulagsnefnd undirbýr nú að auglýsa. Flokkun þjónustustaða í Hvítbók byggir á gömlum upplýsingum og er þar sama og óbreytt frá Svæðisskipulagi miðráhlendis 2015, sem nú er úr gildi fallið. Í svæðisskipulagi Suðurráhlendis eru tillögur að breytingum á þjónustustöðum og eru þær breytingar fram settar í kjölfarið á rýni sveitarfélaganna á þessum stöðum. Markmiðið með breytingunum er annars vegar að draga úr áætluðu umfangi með því að færa staði niður um flokk, og hins vegar að uppfæra þá staði sem sveitarfélögin meta, út frá stefnu sinni og þeirri uppbyggingu sem er á stöðunum í dag, að eigi að fara upp um flokk.

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar fer fram á að eftirtaldar breytingar verði gerðar á flokkun þjónustustaða m.t.t. stefnu í tillögu að svæðisskipulagi fyrir Suðurráhlendi.

o Hólaskógur og Hrauneyjar verði færðar niður um flokk úr jaðarmiðstöð í hálandismiðstöð.

o Háumýrar verði færðar niður um flokk úr hálandismiðstöð í fjallasel

o Sex skálasvæði færast niður um flokk og verða fjallasel.

o Geldingafell verði skálasvæði, en það er nýtt svæði.

o Fjögur fjallasel færast upp um flokk og verði skálasvæði; Blágil, Áfangagil, Emstrur/Botnar, Svartárbotnar/Gíslaskáli.

o Húsadalur/Markarfljót færast upp úr flokki skálasvæða í hálandismiðstöð.“ Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps er að sjálfsögðu reiðubúin til frekara samráðs og samtals um þau atriði sem fram koma í umsögn þessari.

10. Innviðaráðuneytið kynnir til samráðs mál nr. 201/2023, „Frumvarp til laga um breytingu á lögum um lögheimili og aðsetur, lögum um mannvirki og lögum um brunavarnir“.

Umsögn sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps um frumvarp til laga um breytingu á lögum um lögheimili og aðsetur, lögum um mannvirki og lögum um brunavarnir staðfest samhljóða.

Innviðaráðuneytið hefur kynnt til umsagnar drög að frumvarpi innviðaráðherra til laga um breytingu á lögum um lögheimili og aðsetur, lögum um mannvirki og lögum um brunavarnir (sérstakt aðsetur í húsnæði, fjöldatakmörkun lögheimilis í íbúðarhúsnæði, leiðréttingar, aðgangur að húsnæði til eftirlits, þvingunarúrræði.). Frumvarpsdrögin voru birt á samráðsgátt stjórnvalda 20. október sl. og var frestur til að skila inn athugasemdum veittur til 29. október.

Grímsnes- og Grafningsshrepps vill byrja á því að gera athugasemd við hversu stuttur tími var gefinn í að skila inn umsögn um málið. Oddviti sveitarstjórnar sendi tölvupóst á innviðaráðuneytið þann 26. október og óskaði eftir fresti til 1. nóvember en fékk engin svör og lítur sveitarfélagið því svo á að tekið verði við umsögn sveitarfélagsins og hún tekin til greina þó umsagnarfrestur sé liðinn. Í frumvarpsdrögunum er m.a. lagt til að inn komi nýtt ákvæði í lög nr. 80/2018, um lögheimili og aðsetur, um heimild til að skrá tímabundið aðsetur í atvinnuhúsnæði, sem uppfyllir ekki skilyrði 3. mgr. 2. gr. lögheimilislaga. Hér er á ferðinni frávik frá meginreglunni um að lögheimili skuli aðeins skráð í íbúð eða hús sem er skráð sem íbúðarhúsnæði í fasteignaskrá. Eins og segir í 1. gr. frumvarpsdraganna er gert ráð fyrir því að skilyrði fyrir skráningu sérstaks aðseturs í atvinnuhúsnæði verði að viðkomandi einstaklingur sé skráður án tilgreinds heimilisfangs í sveitarfélaginu. Þá er sérstaklega tekið fram í athugasemdum við 1. gr. í greinargerð frumvarpsdraganna að skráningin geti eingöngu átt við um atvinnuhúsnæði og þar af leiðandi ekki annað húsnæði eins og víta, útihús, kofa, garðhýsi eða sambærilegt mannvirki og hér er ekki átt við orlofshúsnæði. Markmið þessarar breytingar er fyrst og fremst að ná betri yfirsýn yfir þann hóp manna sem býr í atvinnuhúsnæði, og er það einkum gert til þess að gæta að öryggi og brunavörnum á viðkomandi stöðum. Eingöngu er um að ræða tímabundna heimild sem gildir í eitt ár í senn. Grímsnes- og Grafningsshreppur telur mikilvægt að áréttu að skráning fólks án tilgreinds heimilisfangs í sveitarfélagi byggist á 1. og 2. mgr. 4. gr. núgildandi lögheimilislaga. Þar er á ferðinni undantekningarregla sem gildir þegar óvissa ríkir um fasta búsetu einstaklings. Í ákvæðunum segir:

„Leiki vafi á því hvar föst búseta einstaklings er, t.d. vegna þess að hann býr á fleiri en einum stað og í fleiri en einu sveitarfélagi, skal hann eiga lögheimili þar sem hann dvelst meiri hluta árs. Dveljist hann ekki meiri hluta árs í einu sveitarfélagi skal hann eiga lögheimili þar sem hann stundar aðalvatvinnu sína enda hafi hann þar búsetu. Um er að ræða aðalvatvinnu þegar hún gefur tvo þriðju hluta af árstekjum eða meira. Verði ekki skorið úr um lögheimili einstaklings skv. 1. mgr. er heimilt að skrá einstakling til lögheimilis í sveitarfélagi án tilgreinds heimilisfangs. Skal þá miðað við það sveitarfélag þar sem hann hefur haft þriggja mánaða samfellda dvöl.“

Einstaklingur býr til dæmis að staðaldri í atvinnuhúsnæði sem uppfyllir ekki skilyrði til fastrar búsetu og á í engin önnur hús að venda verður samkvæmt orðalagi 1. mgr. 4. gr. gildandi lögheimilislaga ekki sjálfkrafa skráður með lögheimili í viðkomandi sveitarfélagi, enda leikur enginn vafi á um búsetu hans. Ekki verður séð að efni frumvarpsdraganna komi til með að breyta þessu.

Að mati Grímsnes- og Grafningsshrepps færi betur á því að hin tímabundna undanþáguheimild til skráningar sérstaks aðseturs í atvinnuhúsnæði verði til dæmis færð undir ákvæði 3. gr. gildandi lögheimilislaga, þar sem fjallað er um frávik frá lögheimilisskráningu, í stað þess að setja skráninguna í samhengi við 4. gr., sem á eingöngu við þegar óvissa ríkir um lögheimili. Í 2. mgr. 3. gr. má finna undantekningu frá 2. gr. laganna sem heimilar skráningu lögheimilis „á stofnunum fyrir aldraða, í búsetuúrræðum fyrir fatlað fólk og starfsmannabústöðum þótt húsnæðið sé ekki skráð sem íbúðarhúsnæði í fasteignaskrá.“

Grímsnes- og Grafningsshreppur telur mikilvægt að fram fari viðhlítandi greining á því hvaða þýðingu tillögur frumvarpsdraganna geti haft fyrir réttindi og skyldur viðkomandi einstaklinga og sveitarfélaga. Má í þessum efnum nefna að samkvæmt 3. mgr. 1. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 telst hver maður íbúi sveitarfélags þar sem hann á lögheimili. Mikilvægt er að skýrt liggi fyrir hvaða skyldur sveitarfélög hafa gagnvart þeim einstaklingum sem ekki eru skráðir með sérstakt aðsetur. Ekki verður séð slík greining hafi farið fram. Grímsnes- og Grafningsshreppur fagnar því að við breytingarnar muni byggingarfulltrúi fá heimild til að leggja á stjórnvaldssektir á einstakling og/eða lögaðila.

Í greinagerðinni sem fylgir frumvarpinu segir:

„Það skal sérstaklega tekið fram að skilyrði fyrir skráningu er að þessir aðilar séu með lögheimili án tilgreinds heimilisfangs í viðkomandi sveitarfélagi. Réttindi og skyldur fylgja viðkomandi lögheimilisskráningu en ekki aðsetri. Engin réttindi fylgja aðseturskráningu og það skal áréttuð að aðsetursskráning er ekki það sama og lögheimilisskráning.“

Þar er áréttuð að engin réttindi fylgi aðsetursskráningunni en þá eru sveitarfélögin engu að síður enn á sama stað og með aðra íbúa sem eru skráðir með ótilgreint heimilisfang og þá óvissu um hvers konar þjónustu eigi að veita til íbúa sem eiga lögheimili í sveitarfélaginu en hafa ekki staðfest staðfang. Hvert á skólabíllinn að sækja börnin ef atvinnuhúsnæðið er út í sveit? Á heimaþjónustan og heimahjúkrun að vera veitt í atvinnuhúsnæði? O.fl.

Grímsnes- og Grafningsshreppur gerir athugasemd við að þessi sérstaka aðseturs skráningu sé til frambúðar í lögnum og ekki sé gert ráð fyrir reynslutíma og/eða því að þetta sé ekki tímabundið dagsett úrræði í lögnum þrátt fyrir að greinagerðin segi:

„Því var ákveðið að leggja til tímabundið sérstakt aðsetur í atvinnuhúsnæði og er það gert í öryggisskyni.“

Á öðrum stað í greinagerðinni segir nefnilega:

„Úrlausnarefni þessa frumvarps er ekki að öllu leyti einfalt. Frumvarpið varðar einstaklinga sem njóta réttinda en bera einnig skyldur en einnig varðar hluti þessa frumvarps fasta búsetu í húsnæði sem ekki er heimilt að hafa fasta búsetu í og ekki stendur til að heimila búsetuna í bráð.“

Grímsnes- og Grafningsshreppur veltir því þá fyrir sér hvort þetta verði þá mögulega leyft þegar fram líða stundir.

Sveitarfélagið vill taka fram að miðað við þær athugasemdir sem hafa nú þegar komið fram í samráðsgátt að þá setur sveitarfélagið sig alfarið upp á móti því að leyft verði sérstakt aðsetur í frístundahúsabyggingum samhliða þessum breytingum.

Grímsnes- og Grafningsshreppur hefur áhuga á að fá nánari útlistun og upplýsingar um 14. gr. og þá sérstaklega lið e:

„Ný 6. mgr., orðast svo: Húsnæðis- og mannvirkjastofnun er heimilt að innheimta gjöld fyrir veitta þjónustu og verkefni sem stofnuninni er falið að annast eða hún tekur að sér, m.a. fyrir undirbúning, svo sem vegna aðkeyptrar sérfræðiþjónustu, útgáfu byggingar- og framkvæmdaleyfis og vottorða, fyrir útmælingu, eftirlit, úttektir, yfirferð hönnunargagna og útgáfu starfsleyfa og löggildinga, samkvæmt gjaldskrá sem stjórn stofnunarinnar setur. Gjaldið skal aldrei vera hærra en nemur þeim kostnaði sem hlýst af því að veita þjónustuna.“

Í greinagerðinni er eingöngu eftirfarandi skýring:

„Ekki er sérstök ástæða til að skýra ákvæðin sérstaklega en rétt þó að vekja athygli á e liðnum en þar er að finna gjaldskráheimild sem er sambærileg gjaldskrá heimild og er að finna í lögum um mannvirki. Ákvæðið veitir stjórn Húsnæðis og mannvirkjastofnun heimild til að setja gjaldskrá fyrir þjónustugjöld fyrir veitta þjónustu. Ákvæðið þarfnast ekki frekari skýringar.“ Er Húsnæðis- og mannvirkjastofnun að fara að vinna verkefni sem hafa hingað til verið á forræði sveitarfélaganna?

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningsshrepps er að sjálfsögðu reiðubúin til frekara samráðs og samtals um þau atriði sem fram koma í umsögn þessari.

11. Beiðni Umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis um umsögn um frumvarp til laga um tímabundnar undanþágur frá skipulags- og byggingarlöggjöf og skipulagi, 314. mál.

Lagt fram til kynningar.

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið kl.: 10:52.



Þorablot Hvatar
verður haldið
föstudaginn
2. febrúar 2024
Takið daginn frá!



2. desember kl. 11:00

Bókakynning og upplestur

Bókasafninu á Borg

Eftirtaldir höfundar mæta og kynna bækur sínar:

Hjalti Halldórsson - Lending
Guðni Reynir -Gabríel og flóttinn
Bergrún Íris Sævarsdóttir - Veikindadagur,
Kennarinn sem snéri aftur, Sokkalabbarnir,
Langelstur á bókasafninu.
Bergþóra Snæbjörnsdóttir - Duft
Bragi Páll Sigurðarson - Kjöt



Barnabókahöfundarnir hefja leikinn um kl.11, en boðið verður upp á afþreyingu fyrir börnin á meðan aðrar bækur eru kynntar. Rúsinan í pylsuendanum er svo ljúf jólatónlist í flutningi Önnu Katrínar og Halla Valla.



Jólacaffi 60+

Eldri borgarar í Grímsnes- og Grafningshreppi ætla að koma saman í notalegu aðventukaffi.

Þriðjudagur 5. desember kl. 15:00.

Félagsheimilið Borg.

Verð: 500 krónur (peningar eða kort)

Boðið verður upp á kaffi, heitt súkkulaði og með því.

Börn úr Tónlistarskóla Árnesinga spila nokkur jólalög.



VERSLUNIN BORG

OPNUNARTÍMI FRÁ 1. SEPTEMBER 2023
MÁNUDAGA TIL LAUGARDAGA 10:00 - 18:00
SUNNUDAGA 12:00 - 16:00
SÍMI: 5517509

LOKAÐ VERÐUR

24. DESEMBER AÐFANGADAG

25. DESEMBER JÓLADAG

26. ANNAN Í JÓLUM

31. DESEMBER GAMLÁRSDAG

1. JANÚAR NÝÁRSDAG

2. JANÚAR

Sími: 551-7509





PIPARKÖKUHÚSAKEPPNI UNG MENNARAÐS

Laugardagur 9. desember kl. 15:00
Félagsheimilinu Borg

FJÖLSKYLDAN SETUR SAMAN PIPARKÖKUHÚS OG SKREYTIR
EINS OG ÞEIM FINNST FALLEGAST.

ÞÁTTTÖKUGJALD FYRIR HVERT HÚS ER 2.000KR.
INNIFALIÐ ER ÓSAMSETT HÚS, MATARLÍM,
SKREYTINGAREFNI, HEITT KAKÓ OG PIPARKÖKUR.

ÞAÐ MEGA VERA MARGIR SAMAN MEÐ HÚS.

Keppt er í tveimur flokkum:

1. Hús skreytt með skreytingarefni sem fæst á staðnum
2. Hús skreytt með skreytingarefni að heiman

Munið að koma með disk, bretti eða
eitthvað annað undir húsið ykkar



Sveitarstjórn 558. fundur 15. nóvember 2023
kl. 09:00–11:22 Stjórnsýsluhúsinu Borg

Sveitarstjórn

- Ása Valdís Árnadóttir
- Björn Kristinn Pálmarsson
- Dagný Davíðsdóttir
- Ragnheiður Eggertsdóttir
- Smári Bergmann Kolbeinsson
- Iðja Marsibil Jónsdóttir sveitarstjóri

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Iðja Marsibil Jónsdóttir

Ása Valdís Árnadóttir oddviti setti fund, bauð fundargesti velkomna og leitaði athugasemda við fundarboð.

1. Fundargerðir.

a) Fundargerð 13. fundar Skólanefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, 31. október 2023.

Lögð fram til kynningar fundargerð 13. fundar Skólanefndar Grímsnes- og Grafningshrepps sem haldinn var 31. október 2023.

b) Fundargerð 12. fundar Framkvæma- og veitunefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, 9. nóvember 2023.

Lögð fram til kynningar fundargerð 12. fundar Framkvæmda- og veitunefndar Grímsnes- og Grafningshrepps sem haldinn var 9. nóvember 2023.

c) Fundargerð 269. fundar skipulagsnefndar UTU, 8. nóvember 2023. Mál nr. 5, 6, 7, 8, 9, 10, 11, 12, 13, 14, 15 og 24 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Lögð fram fundargerð 268. fundar skipulagsnefndar UTU sem haldinn var 8. nóvember 2023.

Mál nr. 5; Borgarhóll L168437, Borg í Grímsnesi; Vesturbyggð 1. áfangi; Framkvæmdaleyfi - 2311008.

Lögð er fram umsókn um framkvæmdaleyfi vegna nýrrar íbúðarbyggðar að Borg í Grímsnesi. Í framkvæmdinni felst gerð á nýjum götum. Leggja á hluta af stofngötu (Miðtún) og tvo botnlanga út frá stofngötu (Borgartún og Lækjartún) auk göngustíga samsíða götum. Einnig skal leggja fráveitu og

vatnsveitu að fyrirhugaðri hreinsistöð og leggja frá-, vatns- og hitaveitu meðfram Skólabraut að tengipunktum við núverandi kerfi. Umsóknin er í takt við deiliskipulag svæðisins. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða útgáfu framkvæmdaleyfis á grundvelli gildandi deiliskipulags svæðisins.

Mál nr. 6; Ásabraut 1-40 og Lokastígur 1-10; Ásgarður; Stofnun og breytt stærð lóða - 2111038.

Lögð eru fram lóðablöð sem sýna hnitsettar afmarkanir lóða við Ásabraut 1-40 og Lokastíg 1-10 sem taka til leiðréttinga á mörkum lóða innan svæðisins á grundvelli gildandi deiliskipulags. Fyrir liggur undirritað samþykki allra lóðahafa innan svæðisins vegna lóðamarka nema frá eigendum Ásabrautar 11, 17 og 19.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afmörkun viðkomandi lóða skv. fyrirbyggjandi umsókn og samþykkir erindið samhljóða. Sveitarstjórn tekur ekki afstöðu til mögulegs eignaréttarlegs ágreinings er varðar hnitsetningu lóða Ásabrautar 11, 17 og 19 og mælist til þess að skráningar lóðanna innan svæðisins verði kláraðar. Eigendum viðkomandi lóða sem hafa ekki samþykkt með undirritun sinni mörk lóða verði send tilkynning um niðurstöðu málsins í framhaldi af skráningu.

Mál nr. 7; Borg í Grímsnesi; Skilmálabreyting VP15; Aðalskipulag – 2311009.

Lögð er fram tillaga að óverulegri breytingu á aðalskipulagi er varðar heimildir innan landnotkunarflokks VP15 í þéttbýlinu á Borg. Í breytingunni felst að heimild verði fyrir íbúðum til fastrar búsetu innan reitsins. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða viðkomandi breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins. Málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á aðalskipulagi. Niðurstaða sveitarfélagsins verði auglýst og málið sent Skipulagsstofnun til samþykktar. Breytingin verði grenndarkynnt nærliggjandi lóðarhöfum samhliða deiliskipulagsbreytingu.

Mál nr. 8; Borg í Grímsnesi; Hraunbraut 13-15 og Gamla-Borg, Deiliskipulagsbreyting – 2311010.

Lögð er fram tillaga er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi þéttbýlisins Borg. Í breytingunni felst að heimilað er raðhús í stað fjölbýlishúss á lóð Hraunbrautar 13-15 auk þess sem gert er ráð fyrir að íbúðir geti verið innan reits VP15 við Gömlu-Borg. Samhliða er unnið að óverulegri breytingu á aðalskipulagi.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða viðkomandi breytingu á deiliskipulagi svæðisins eftir að óveruleg breyting á aðalskipulagi sem lögð er fram samhliða hefur hlotið samþykki Skipulagsstofnunar. Málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi. Málið verði grenndarkynnt nærliggjandi lóðarhöfum.

Mál nr. 9; Syðri-Brú L168277; Útleiga húsa flokk II í frístundabyggð; Deiliskipulagsbreyting – 2306072.

Lögð er fram tillaga deiliskipulagsbreytingar eftir grenndarkynningu vegna frístundasvæðis í landi Syðri-Brúar. Málið er lagt fram til kynningar. Málið var kynnt innan svæðisins í heild með útsendingu tilkynningar í gegnum island.is. Engar athugasemdir bárust á kynningartíma málsins. Breytingin taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda.

Mál nr. 10; Minna-Mosfell L206810; Skógrækt; Framkvæmdarleyfi – 2307044.

Lögð er fram umsókn frá IceWild ehf. er varðar framkvæmdaleyfi fyrir skógrækt í landi Minna-Mosfells. Um er að ræða alls 91,5 ha svæði, flatarmál gróðursetningar tekur til 62 ha. Með umsókn er lögð fram uppfærð ræktunaráætlun frá því að málinu var synjað á fundi sveitarstjórnar þann 18.10.23.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða útgáfu framkvæmdaleyfis á grundvelli 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og að áformin verði grenndarkynnt landeigendum aðliggjandi jarða.

Mál nr. 11; Reykjalundur L168273; Aukið byggingarmagn gestahúss á reit 6; Deiliskipulagsbreyting – 2310037.

Lögð er fram beiðni um breytingu á skilmálum deiliskipulags er varðar Reykjalund í Grímsnes- og Grafningshreppi. Í breytingunni felst að heimild fyrir 40 fm gestahúsi á reit 6 verði augin í 100 fm.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða viðkomandi breytingu á deiliskipulagi svæðisins með fyrirvara um fullnægjandi gögn. Málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi. Þar sem engir aðrir hagsmunaaðilar eru innan svæðisins en umsækjandi er ekki talin þörf á grenndarkynningu.

Mál nr. 12; Minni-Borg golfvöllur L208755; Íþ5 við Biskupstungnabraut og Sólheimaveg; Deiliskipulag – 2310072.

Lögð er fram tillaga nýs deiliskipulags sem tekur til golfvallarsvæðis við Biskupstungnabraut og Sólheimaveg. Með nýju deiliskipulagi er afmarkað 29,8 ha svæði fyrir níu holu golfvöll, ásamt golfskála, veitingasölu og aðstöðu til gistingar. Samhliða er unnið að aðalskipulagsbreytingu sem tekur til sama svæðis þar sem einnig eru skilgreindar heimildir fyrir verslun- og þjónustu innan svæðisins.

Sveitarstjórn samþykkir deiliskipulagið samhljóða og samþykkir að það verði auglýst á grundvelli 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem allar meginforsendur fyrir gerð deiliskipulagstillögunnar liggi fyrir innan aðalskipulags sveitarfélagsins.

Mál nr. 13; Úlfjótsvatn L170830; Frístundabyggð F14; Deiliskipulag – 2310074.

Lögð er fram tillaga að nýju deiliskipulagi sem tekur til frístundasvæðis F14 í landi Úlfjótsvatns. Deiliskipulagið nær til alls 37 lóða. Svæðinu er

áfangaskipt og er gert ráð fyrir að í uppbyggingu 1. áfanga verði 30 lóðir til uppbyggingar. Heildarbyggingarmagn innan hverrar lóðar er skilgreint allt að 200 fm og innan hverrar lóðar má byggja tvö hús, frístundahús og gestahús/geymslu/gróðurhús.

Sveitarstjórn samþykkir deiliskipulagið samhljóða og að það verði auglýst á grundvelli 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem allar meginforsendur fyrir gerð deiliskipulagstillögunnar liggja fyrir innan aðalskipulags sveitarfélagsins.

Mál nr. 14; Svínavatn 3 L232042; Íbúðarlóðir; Deiliskipulag – 2305076.

Lögð er fram tillaga er varðar nýtt deiliskipulag á lóð Svínavatns 3 L232042 eftir auglýsingu. Innan deiliskipulagsins er gert ráð fyrir að skipta 5 ha landi í 2 lóðir, 3,5 ha og 1,5 ha að stærð, og að þar geti risið 1 íbúðarhús á hvorri lóð og á þeirri stærri vinnuskemma og lítil gestahús til útleigu. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða framlagt deiliskipulag eftir auglýsingu og mælist til þess að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda að lokinni yfirferð Skipulagsstofnunar í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Mál nr. 15; Þverholtsvegur 12 L191506; Sameining lóða; Fyrirspurn – 2310077.

Lögð er fram fyrirspurn er varðar sameiningu lóða innan frístundasvæðis að Ormsstöðum í Grímsnes- og Grafningshreppi. Í fyrirspurninni felst heimild til deiliskipulagsbreytingar sem í fælist sameining lóða vegna takmarkanna er varðar rafmagnslínu á svæðinu og landgæða.

Að mati sveitarstjórnar eru forsendur fyrir því að heimilað verði að sameina þær lóðir sem teljast óbyggilegar vegna raflínu sem liggur um svæðið við aðliggjandi lóðir séu að sömu eigiendur séu af viðkomandi lóðum. Almennt séð er ekki heimilt að skipta upp eða sameina lóðir innan þegar byggðra og skipulagðra frístundasvæða samkvæmt stefnumörkun aðalskipulags. Að mati sveitarstjórnar þarf þó að líta til aðstæðna hverju sinni og í framlagðri fyrirspurn felst að hluti þeirra lóða sem um ræðir eru óbyggilegar auk þess sem nokkuð stórt svæði er án byggingarreits og ætlað fyrir hrossabeit samkvæmt upplýsingum frá lóðarhafa, sem er í raun í ósamræmi við núverandi stefnu aðalskipulags er varðar skepnuhald innan frístundasvæða. Að mati sveitarstjórnar væri því ekki óeðlilegt að lóð Þverholtsvegar 16 rynnir inn í lóðir Þverholtsvegar 6-12 og að lóð 10 væri sameinuð aðliggjandi lóðum 8 og 12. Eftir stæðu 3 lóðir í stað 5. Slík breyting er háð umsókn um breytingu á deiliskipulagi og að lögð verði fram lóðarblöð sem geri grein fyrir þeim breytingum.

Mál nr. 24; Afgreiðslur byggingarfulltrúa - 23-194 – 2310005F.

Lögð er fram til kynningar fundargerð byggingarfulltrúa nr. 23-194.

d) Fundargerð 12. fundar seyrustjórnar, 30. október 2023.

Lögð fram til kynningar fundargerð 12. fundar seyrustjórnar sem haldinn var 30. október 2023.

e) Fundargerð 1. fundar fagnefndar Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings, 31. október 2023.

Mál nr. 3 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Lögð fram fundargerð 1. fundar fagnefndar Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings sem haldinn var 31. október 2023.

Mál nr. 3; Tillaga að breyttum gjaldskrá.

Lagðar fram tillögur um hækkun á fjárhagsaðstoð, greiðslum vegna stuðningsfjölskyldna og gjaldskrár vegna heimaþjónustu og akstursþjónustu. Sveitarstjórn samþykkir tillöguna samhljóða.

f) Fundargerð stjórnar Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings, 6. nóvember 2023.

Lögð fram til kynningar fundargerð stjórnar Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings sem haldinn var 6. nóvember 2023.

g) Fundargerð 15. fundar framkvæmdastjórnar Héraðsnefndar Árnesinga bs., 2. október 2023.

Lögð fram til kynningar fundargerð 15. fundar framkvæmdastjórnar Héraðsnefndar Árnesinga bs., sem haldinn var 2. október 2023.

h) Fundargerð 31. fundar Héraðsnefndar Árnesinga bs., 10. október 2023.

Lögð fram til kynningar fundargerð 31. fundar Héraðsnefndar Árnesinga bs., sem haldinn var 10. október 2023.

i) Fundargerð 321. fundar stjórnar SOS, 25. október 2023.

Lögð fram til kynningar fundargerð 321. stjórnar SOS sem haldinn var 25. október 2023.

j) Fundargerð 601. fundar stjórnar SASS, 6. október 2023.

Lögð fram til kynningar fundargerð 601. fundar stjórnar SASS sem haldinn var 6. október 2023.

k) Fundargerð 602. fundar stjórnar SASS, 25. október 2023.

Lögð fram til kynningar fundargerð 602. fundar stjórnar SASS sem haldinn var 25. október 2023.

l) Fundargerð 26. fundar svæðisskipulagsnefndar Suðurrhálendis, 23. október 2023.

Lögð fram til kynningar fundargerð 26. fundar svæðisskipulagsnefndar Suðurrhálendis sem haldinn var 23. október 2023.

2. Orkubú Vaðness – kaupsamningur.

Fyrir liggur kaupsamningur vegna kaupa Hitaveitu Grímsnes- og Grafningshrepps á Orkubúi Vaðness ehf.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrirbyggjandi kaupsamning og felur sveitarstjóra að undirrita hann, kaupin verða fjármögnuð með lántöku úr aðalsjóði sveitarfélagsins. Sveitarstjóra falið að færa lántökuna til viðauka við fjárhagsáætlun 2023.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða eftirfarandi skipan í stjórn Orkubús Vaðness ehf:

Aðalstjórn:

Smári Bergmann Kolbeinsson, formaður

Björn Kristinn Pálmarsson

Ragnheiður Eggertsdóttir

Til vara:

Ása Valdís Árnadóttir

Iða Marsibil Jónsdóttir

Dagný Davíðsdóttir

Iða Marsibil Jónsdóttir verður jafnframt framkvæmdastjóri Orkubús Vaðnes ehf.

3. Snjómokstur í Grímsnes- og Grafningshreppi – niðurstöður verðkönnunar.

Fyrir liggur niðurstaða verðkönnunar í „Snjómokstur og hálkuvörn á héraðsvegum og tengivegum í Grímsnesi 2023-2025“ og í „Snjómokstur og hálkuvörn á héraðsvegum og tengivegum í Grafningi 2023-2025“. Tilboð bárust frá Suðurtak ehf. og Vélaleigu Ingólfs ehf. í verðkönnun vegna Grímsnes, tilboð Suðurtaks ehf. hljóðar upp á 14.480.000,- kr. og tilboð Vélaleigu Ingólfs ehf. hljóðar upp á 14.648.100,- kr. Tilboð barst frá Vélaleigu Ingólfs ehf. vegna Grafnings, tilboðið hljóðar upp á 11.871.975,- kr. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að taka tilboði lægstbjóðanda, Suðurtaks ehf. vegna Grímsnes og Vélaleigu Ingólfs ehf. vegna Grafnings, sveitarstjóra falið að ganga frá og undirrita verksamninga.

4. Rafhleðslustöðvar á Borg.

Lögð eru fram drög að samningi milli Grímsnes- og Grafningshrepps og Orku náttúrunnar um uppsetningu og rekstur á hleðslustöðvum fyrir rafbíla. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrirbyggjandi drög með þeim breytingum sem sveitarstjórn leggur til og felur sveitarstjóra að vinna málið áfram.

5. Villingavatn – viljayfirlýsing.

Lögð er fyrir viljayfirlýsing Grímsnes- og Grafningshrepps og „Salus“ sem Þórir Haraldsson er í forsvari fyrir og samanstendur af hópi innlendra og erlendra aðila. „Salus“ áformar uppbyggingu á hágæða heilsulind í landi Villingavatns, við Þingvallavatn, innan Grímsnes- og Grafningshrepps. Sveitarfélagið lýsir yfir vilja til að styðja við uppbygginguna eftir því sem lög, reglur og samþykktir sveitarfélagsins heimila. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða yfirlýsinguna og felur sveitarstjóra að skrifa undir hana.

6. Erindi frá Markaðsstofu Suðurlands.

Fyrir liggur erindi frá Markaðsstofu Suðurlands þar sem óskað er eftir að samstarfssamningur verði endurnýjaður til þriggja ára. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að endurnýja samstarfssamninginn við Markaðsstofu Suðurlands.

7. Samþykktir Sorpstöðvar Suðurlands, fyrri umræða.

Lagður fram staðfestingar uppfærðar samþykktir Sorpstöðvar Suðurlands til fyrri umræðu.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrirbyggjandi samþykktir og vísar þeim til seinni umræðu.

8. Erindi frá SIGURHÆÐUM.

Fyrir liggur bréf dagsett 27. október 2023 frá verkefnisstjóra Sigurhæða – þjónustu við þolendur kynbundins ofbeldis á Suðurlandi – vegna starfseminnar 2024. Í bréfinu er óskað eftir styrk við verkefnið vegna starfsemi ársins 2024.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að styrkja verkefnið.

9. Erindi til sveitarstjórnar frá G-lista vegna fjallskila í sveitarfélaginu.

Lögð fram tillaga frá G-lista, tillagan felur í sér hugmyndir að breytingu á álagningu fjallskilakostnaðar, að ekki verði lengur lagt á eigendur lögbýla í sveitarfélaginu að greiða fjallskilakostnað eins og verið hefur, heldur verði það sveitarsjóður sem leggur til fjármagn til að greiða þann kostnað sem greiða þarf til smölunar á afrétti sveitarfélagsins. Áfram verði þó lagt gjald á vetrarfoðraða kind sem nýtir afréttinn eða annað sameiginlegt land til upprekstrar, en með þeim formerkjum samt að ákveðið þak sé sett á þá upphæð, ekki hærra en 500 krónur á kind.

Tillagan borin upp til atkvæða.

Tillagan felld með þremur atkvæðum fulltrúa E-lista gegn tveimur atkvæðum G-lista.

Fulltrúar E-listans leggja fram eftirfarandi bókun:

Tillagan er að mörgu leyti góð enda er svo til um sömu tillögu að ræða og sveitarstjórn samþykkti að vinna eftir við innheimtu fjallskila fyrir árið 2022. Hins vegar var sveitarstjórn gerð afturreka með þá ákvörðun þegar fyrir lá minnisblað LEX dags. 16.12.2022 um ólögmæti þess að niðurgreiða gjöld fjallskilaskyldra aðila með greiðslum úr sveitarsjóði. Þessu minnisblaði var dreift til fjallskilaneftndar og allra sveitarstjórnarfulltrúa.

Í ljósi þess að fyrir liggur minnisblað um ólögmæti tillögunnar sjá fulltrúar E-listans sér ekki annað fært en að hafna tillögunni.

Jafnframt vilja fulltrúar E-listans minna á að sveitarstjórn samþykkti samhljóða á 553. fundi þann 6. september 2023 tillögu fjallskilaneftndar um álagningu fjallskila fyrir árið 2023 að því gefnu að fjallskilaneftnd ynni nánari útfærslu á styrkjaformi og tillögunni. Útfærslan er enn í vinnslu hjá fjallskilaneftnd og leggja fulltrúar E-listans áherslu á að sú vinni klárast áður en aðrar ákvarðanir eru teknar.

10. Gjaldskrá Hitaveitu Grímsnes- og Grafningshrepps, fyrri umræða.
Fyrir liggur uppfærð gjaldskrá Hitaveitu Grímsnes- og Grafningshrepps vegna ársins 2024.
Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrirbyggjandi gjaldskrá og vísar henni til seinni umræðu.

11. Byggðapróunarfulltrúi.
Inn á fundinn kom Lína Björg Tryggvadóttir, byggðapróunarfulltrúi í Uppsveitum Árnessýslu. Hún kynnti sínar áherslur og fór yfir verkefni framundan.
Sveitarstjórn býður Línu velkomna til starfa og þakkar góða viðkynningu.

12. Næstu fundir sveitarstjórnar.
Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að næstu fundir sveitarstjórnar verði 6. desember klukkan 9:00, 18. desember klukkan 15:00 og 17. janúar klukkan 9:00.

13. Menningar- og viðskiptaráðuneytið kynnir til samráðs mál nr. 219/2023, „Fyrstu drög að aðgerðum í aðgerðaráætlun ferðamálastefnu 2030“.
Lagt fram til kynningar.

14. Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið kynnir til samráðs mál nr. 230/2023, „Landsáætlun um innleiðingu samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks“.
Lagt fram til kynningar.

15. Forsætisráðuneytið kynnir til samráðs mál nr. 231/2023, „Áform um lagasetningu um breytingu á ýmsum lögum vegna þjóðlendna (starfslok óbyggðanefndar o.fl.)“.
Lagt fram til kynningar.

16. Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið kynnir til samráðs mál nr. 232/2023, „Grænbók í málefnum innflytjenda og flóttafólks“.
Lagt fram til kynningar.

17. Jarðhræringar í Grindavík.
Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps sendir hugheilar kveðjur til allra Grindvíkinga og aðstandenda vegna þeirra erfiðu aðstæðna sem upp hafa komið vegna jarðhræringa á Reykjanesi. Grímsnes- og Grafningshreppur lýsir sig reiðubúinn að veita alla þá aðstoð sem mögulegt er í því skyni að létta undir með Grindvíkingum.

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið kl.: 11:22.

Fylgstu með á Facebook og jolamjolk.is



Dagatal jólasveinanna

12. desember  Stekkjastaur	13. desember  Gilljagaur	14. desember  Stúfur	15. desember  Þvörusleikir
16. desember  Pottaskefill	17. desember  Askasleikir	18. desember  Hurðaskellir	19. desember  Skyrgámur
20. desember  Bjúgnakrækir	21. desember  Gluggagægir	22. desember  Gáttapfur	23. desember  Ketkrókur
24. desember  Kertasníkir			





Aðventan

í Grímsnes- og Grafningshreppi

Desember

2. Jólabókakynning og tónlist á bókasafninu
- 2.-3. Jólátréssala á Snæfoksstöðum
9. Piparkökuhúsaþeppni ungmennaráðs í Félagsheimilinu Borg
- 9.-10. Jólátréssala á Snæfoksstöðum
10. Jóna-drag-dögurður á Brú
10. Litlu jóla Lionsmanna íþróttaleikhúsinu á Sólheimum
13. Hörpukórinn á Sólheimum
16. Jólamarkaður á Brú
- 16.-17. Jólátréssala á Snæfoksstöðum
17. Jólaljósaslóði á Úlfjótssvatni
20. Jólabball Kerhólsskóla
23. Skötuveisla Lionsklúbbsins Skjaldbreiðar
24. Jólaveinar á ferli
24. Jólamessa á Sólheimum, sr. Dagur Fannar messar
31. Gamlármessa á Sólheimum, sr. Dagur Fannar messar
31. Flugeldasýning og áramótabrenna Hjálparsveitarinnar Tintron



Íþróttamiðstöðin Borg Vetraropnun

Mánudaga - fimmtudaga kl. 14-22

Föstudaga **LOKAÐ**

Laugardaga – Sunnudaga kl. 10 -18

Hætt er að hleypa ofan í laugina 20 mínútum fyrir lokun.



Um hátíðarnar.
Lokað verður á
Þorláksmessu, Aðfangadag,
Jóladag og
Annan í Jólum.
Einnig Gamlársdag og
Nýársdag.

Aðra daga er opið eins og
vetraropnun segir til um.

Gleðileg jól !

Heimasíða: www.gogg.is

Netfang: sundlaug@gogg.is

Sími 480 - 5530

Ritstjóri Hvatarblaðsins er Linda Sverrisdóttir.

Ábyrgðarmaður: Þórleif Hoffmann Gunnarsdóttir

Efni í blaðið þarf að berast fyrir 28. hvers mánaðar á eftirfarandi

netföng: linda@gogg.is eða gogg@gogg.is